

Reykjanesbær
Sveinn Númi Vilhjálmsson,
skipulagsfulltrúi
Tjarnargötu 12
230 Keflavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
28 JAN. 2009 54.23	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. janúar 2009
Tilvísun: UST20081200138/ksj

Deiliskipulag í Reykjanesbæ, motopark

Vísað er til erindis Skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst þann 19.12. 2008 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi motopark-svæðis í Reykjanesbæ. Erindinu fylgir uppdráttur með greinargerð ásamt umhverfisskýrslu.

Deiliskipulagstillagan nær yfir 55 ha svæði við gatnamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar. Landnotkun svæðisins er áætluð þannig að 18 hektarar eru skilgreindir sem „opið svæði til sérstakra nota“ og 37 hektarar eru áætlaðir fyrir verslun og þjónustu.

Útivist og náttúruminjar

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að suður af motopark-svæðinu er svæði nr. 109 á náttúruminjaskrá: „*Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár*“. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í umhverfisskýrslu að skipulagstillagan muni hafa neikvæð áhrif á útivist á ofangreindum náttúruminjasvæðum, sérstaklega telur Umhverfisstofnun að háar byggingar muni valda neikvæðum sjónrænum áhrifum á svæðinu.

Umhverfisstofnun tekur undir ákvæði um hönnun mannvirkja í greinargerð deiliskipulagstillögunnar um að : „*Vandað skal til allrar hönnunar og frágangs bygginga og lóða.*“ Umhverfisstofnun telur að góð hönnun og vandaður frágangur geti mögulega mildað sjónræn umhverfisáhrif.


Hljóðvist

Í umhverfisskýrslu er fylgir erindinu kemur fram að hljóðstyrkur frá starfsemi Go-kart brautar hafi verið reiknaður. Í þeim útreikningum sé gert ráð fyrir versta tilfelli þ.e. 25 tveggja strokka körtur sem aka samtímis. Þeir útreikningar sýni að hljóðstyrkur verði mestur á brautinni sjálfri eða á bilinu 75 til


80 dB (A), en það breyti ekki heildarhljóðstigi frá því sem metið hefur verið vegna umferðar um Reykjanesbraut. Umhverfisstofnun telur að athuga þurfi hljóðvist á nærliggjandi svæði á náttúruminjaskrá og að gert verði ráð fyrir viðeigandi mótvægisáðgerðum ef hávaðinn fer yfir leyfð mörk á útivistarsvæði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur



Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun